

367. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 26. febrúar 2025 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Microsoft Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Kári Mímisson.

Forföll: Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen og Garðar Svansson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Hann skýrði frá því í upphafi fundar að hann hyggist ekki gefa kost á sér til endurkjörs í forsetaembættið á Íþróttabinginu í vor. Hann væri búinn að vera 23 ár í stjórn sambandsins, þar af varaforseti sambandsins í sjö ár og forseti í 12 ár.

Viðar Garðarsson þakkaði forseta fyrir hans mikla og góða starf og sagði hann mega vera afar stoltan af því. Hann sagði mestu framfaratíma íþróttahreyfingarinnar í áratugi hafa verið undir hans stjórn. Aðrir fundarmenn tóku heils hugar undir orð Viðars.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofunnar þessar vikurnar, sbr. framlagða samantekt skrifstofu.

2. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri skýrði frá stöðu ársreikningsgerðar fyrir sambandið og niðurstöðu reksturs.

Hörður vísaði til erindis SÍL varðandi fjármál og skýrði frá því að erindið feli í sér töluverða greiningarvinnu sem væri verið að vinna og að erindinu yrði svarað sem allra fyrst.

Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson viku af fundi.

Hörður kynnti tillögu fjármálaráðs ÍSí að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hann kynnti einnig og skýrði hlutfallsskiptingu lottós og útbreiðslustyrks til sérsambanda og samanburð við skiptinguna á síðasta ári.

Fjármálaráð leggur til óbreyttar forsendur frá fyrra ári.

Umræður urðu um málið og voru sýndir útreikningar frá síðasta ári til glöggvunar.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

Úlfur, Valdimar Leó og Viðar komu aftur inn á fundinn.

3. Afreksmálefni

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi Afreksmiðstöð Íslands sem hann og Vésteinn Hafsteinsson unnu. Þar er fjallað um innleiðingu á nýju fyrirkomulagi afreksstarfs

og útfærslu á grundvelli skýrslu starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytis sem birt var í apríl 2024. Í minnisblaðinu koma fram tillögur um næstu skref í málinu, tímaáætlun og ráðningu starfsfólks í lykilstöður.

Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag og ýmsa þætti er varða verkefnið.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

4. Íþróttaping

Helga Þórðardóttir lögfræðingur kynnti tillögur til lagabreytinga fyrir Íþróttapingið í maí nk. Tillögurnar hafa verið yfirfarnar af laganefnd ÍSí.

Tillögurnar eiga uppruna í yfirferð Helgu á lögnum og ýmsum málum sem upp hafa komið á milli þinga og talin er nauðsyn á að bregðast við með breytingum á lögum ÍSí. Nokkrar tillögur urðu til í vinnuhópi ÍSí um góða stjórnarhætti og aðrar við yfirferð laganefndar ÍSí. Góðar umræður urðu um tillögurnar og komu fram ábendingar og athugasemdir sem skoðaðar verða á milli funda og eftir atvikum gerðar lagfæringar á framlögðum lagatexta. Tillögurnar verða aftur á dagskrá á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

5. Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búast mætti fljótlega við niðurstöðum sjóðsstjórnar Hvatasjóðs um styrkúthlutunir. Fjölmargar styrkumsóknir bárust í sjóðinn fyrir þessa fyrstu styrkúthlutun.

6. Ferðasjóður íþróttafélaga

Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs skýrði frá stöðu yfirferðar í Ferðasjóði íþróttafélaga. Vinnslan er á lokasprettinum og ætti tillaga að úthlutun að liggja fyrir í byrjun næstu viku. Óskaði hún eftir heimild til að senda tillögu að úthlutun með rafrænum hætti til stjórnar, á milli funda, ef þannig ber undir. Að öðrum kosti er stefnt að því að leggja tillögu að úthlutun fram á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

7. Heiðranir

Samþykktar voru tvær heiðranir með rafrænu samþykki á milli funda. Eru þær hér formlega bókaðar í fundargerð.

KSÍ:

Unnar Stefán Sigurðsson – Silfurmerki ÍSí

Helgi R. Magnússon – Gullmerki ÍSí

Heiðursmerkin voru afhent við þingsetningu ársþings KSÍ 22. febrúar sl. Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSí og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri sáu um afhendinguna.

Tekin fyrir tillaga um heiðrun á ársþingi HSÍ í vor, sjá trúnaðarbók.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Þegar hér var komið við sögu hafði fundurinn dregist vel á langinn og var samþykkt að slíta fundi og fresta dagskrárliðum 9 – 12 til næsta fundar sem haldinn verður fimmtudaginn 6. mars nk.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.